

## Skólaráðsfundur 3. október 2012

Fundinn sátu:

Óskar Björnsson, Guðrún Sighvatsdóttir, Steinunn Hjálmarsdóttir, Inga Lára Sigurðardóttir, Hólmfríður D. Guðmundsdóttir, Jóhannes Friðrik Ingimundarson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Skólaráð og hlutverk þess
  2. Skólastarfið og aðhaldsgerðir
  3. Vinaliðaverkefnið
  4. Önnur mál
- 
1. Skólastjóri kynnti hlutverk skólaráðs, en það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, skóladagatal, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fær til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstaklinga. Rætt var um val fulltrúa í skólaráð. Fulltrúi nemenda er formaður bekkjarráðs 10. bekkjar, en ekki hefur enn verið ákveðið hvernig hinn fulltrúi nemenda verður valinn. Voru fundarmenn sammála þeirri tillögu að hann kæmi úr 7. bekk og væntanlega verður búið að ganga frá vali hans fyrir næsta fund.
  2. Rætt var um aðhaldsaðgerðir og niðurskurð í skólastarfinu. Ekki er ráðið í störf sem losna í skólanum nema brýna nauðsyn beri til og tækifærið notað til að hagræða. Stuðningsfulltrúum og skólaliðum hefur fækkað í skólanum og stjórnendum var einnig fækkað um tvo í haust. Þetta er skerðing á þjónustu sem allir verða varir við í skólastarfinu.
  3. Vinaliðaverkefnið sem verið er að hleypa af stokkunum í 4. – 6. bekk var kynnt. Þetta er norskt verkefni að uppruna, sem byggir á því að vinaliðar eru kosnir úr þessum bekkjum og þeir sjá um að skipuleggja og halda utan um leiki í frímínútum fyrir aðra nemendur. Markmiðið er að auka framboð á afþreyingu í frímínútum með skipulögðum leikjum og aðstoða nemendur sem eiga í erfiðleikum félagslega. Vinaliðar hafa þegar sótt leikjanámskeið hjá norskum fulltrúum þessa verkefnis og gert er ráð fyrir að starfið hefjist fljótlega. Inga Lára Sigurðardóttir er verkefnisstjóri í Árskóla.
  4. Önnur mál. Rætt um ýmsa viðburði í skólastarfinu.
    - 5. október er alþjóðlegur dagur kennara og þá verður umfjöllun um Árskóla í sérstöku aukablaði Fréttablaðsins sem helgað er kennurum og skólastarfi. Haft var samband við skólann og beðið um upplýsingar.
    - Dansmaráðun 10. bekkinga verður 25. október. Von er á Loga Vígþórssyni danskennara og verður hann hér í viku að kenna dans í öllum bekkjum.
    - Reykjaferð 7. bekkinga verður í næstu viku.